

FW: Iðnskólinn í Hafnarfirði

Til : Rósa Guðbjartsdóttir;Guðlaug Kristjánsdóttir;Kristinn Andersen;Gunnar Axel Axelsson;Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir;Adda María Jóhannsdóttir

Frá : Haraldur Líndal Haraldsson

CC : Kristján Sturluson;Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Heiti : FW: Iðnskólinn í Hafnarfirði

Málsnúmer : 1503437

Málsaðili : Mennta- og menningarmálaráðun.

Skráð dags : 25.03.2015 11:58:17

Höfundur : Haraldur Líndal Haraldsson

Viðhengi image001.jpgimage001.jpg
ATT00002.jpgATT00002.jpg

Sæl,

Ég sendi póstinn hér að neðan til ykkar til upplýsingar. Óska jafnframt eftir að málið verði tekið fyrir á bæjarráðsfundinum á morgun með hliðsjón af því að nefnd sem á að skipa á að vinna hratt og skila af sér 21. apríl n.k.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

From: Ársæll Guðmundsson [mailto:arsaell.gudmundsson@mrn.is]

Sent: 25. mars 2015 11:09

To: Haraldur Líndal Haraldsson

Subject: Re: Iðnskólinn í Hafnarfirði

Sæll Haraldur

Hér koma frekari upplýsingar um fýsileikaathugun sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans.

Stjórn Tækniskólans óskaði í febrúar sl. formlega eftir því við menntamálaráðherra að Tækniskólinn og Iðnskólinn yrðu sameinaðir. Í framhaldi af því hefur verið skipaður 5 manna starfshópur til að kanna fýsileika þess að skólarnir sameinist. Hópin skipa: Ársæll Guðmundsson, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu og skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði (í ársleyfi), Jón B. Stefánsson, skólameistari Tækniskólans, Bjarni Bjarnason, formaður skólanefndar Iðnskólans í Hafnarfirði, Bolli Árnason, formaður stjórnar Tækniskólans og Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri upplýsinga- og fjármálasviðs menntamálaráðuneytisins. Með hópnum starfar Leifur Eysteinnsson, gæðastjóri menntamálaráðuneytisins. Verkefnishópnum er ætlað að skila greinargerð og tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 21. apríl nk. um hvort fýsilegt sé að fara í sameiningu skólanna eða ekki. Markmið með hugsanlegri sameiningu skólanna er að efla starfsnám og blása til sóknar á því sviði. Gengið er út frá því sem vísu að starfsnám verði áfram í boði í Hafnarfirði og ekki er neinn útgangspunktur að þar fækki nemendum frá því sem nú er. Sameining gæti hins vegar opnað marga nýja möguleika til að efla námið og gera það meira aðlaðandi fyrir nemendur.

Ég er tilbúinn til að koma til fundar við ykkur í bæjarstjórn Hafnarfjarðar til að fara yfir stöðu mála ef þið óskið eftir því.

Með kveðju

Ársæll Guðmundsson

--	--



Ársæll Guðmundsson verkefnastjóri / Project manager / Projektleder

Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet

Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Tel: +(354) 545 9500 .

<http://www.menntamalaraduneyti.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

From:	Haraldur Líndal Haraldsson < hlh@hafnarfjordur.is >
To:	" arsaell.gudmundsson@mrn.is " < arsaell.gudmundsson@mrn.is >
Date:	24.03.2015 15:04
Subject:	Iðnskólinn í Hafnarfirði

Sæll Ársæll,

Í framhaldi af samtali okkar á föstudaginn varðandi Iðnskólinn í Hafnarfirði væri gott ef þú gætir upplýst mig frekar um málið í tölvupósti.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)